

## 4. fundur samstarfsnefndar Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Haldinn þann 15. janúar kl. 9:30 í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Guðlaug Sigurðardóttir, Helgafellssveit
- Guðrún Reynisdóttir, Helgafellssveit
- Guðmundur H. Hjartarson, Helgafellssveit
- Haukur Garðarsson, Stykkishólmsbæ
- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmsbæ
- Karín Rut Bæringsdóttir, Helgafellssveit
- Lárus Ástmar Hannesson, Stykkishólmsbæ
- Sif Matthíasdóttir, Helgafellssveit
- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir, Stykkishólmsbæ

Róbert Ragnarsson sem ritaði fundargerð.

### 1. Álit Samstarfsnefndar

Framhald frá síðasta fundi. RR fór yfir drög að álitni samstarfsnefndarinnar og helstu forsendur hennar og kallaði eftir ábendingum og athugasemdum frá nefndinni.

#### Álit nefndarinnar og helstu forsendur

Sveitarfélögin tvö hafa átt í farsælu samstarfi til áratuga og getur sameining þeirra skapað tækifæri til skilvirkari og markvissari stjórnsýslu og þjónustu auk þess sem aðgengi íbúa að þjónustu verði jafnara með áherslu á aukna þjónustu við dreifbýlið. Þá eru jafnframt tækifæri eru til frekari atvinnuþróunar og nýsköpunar enda eru tækifæri til þess að sameiginlegt sveitarfélag geti betur skapað heildstætt og kröftugt umhverfi á öllu svæðinu fyrir öflugt atvinnulíf og aukna samvinnu. Vísendingar eru um að fjárhagur sameinaðs sveitarfélags verði sterkur og fjárfestingageta betri en hjá hvoru sveitarfélagi um sig, en til viðbótar mun 600 milljóna kr. sérstök sameiningarframlög á næstu árum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skapa aukið svigrúm til fjárfestinga í sameinuðu sveitarfélagi. Þá eru jafnframt vísendingar um að árleg framlög Jöfnunarsjóðs hækki um 5 mkr. á ári í sameinuðu sveitarfélagi.

Samstarfsnefndin leggur til að í stjórnskipulagi sameinaðs sveitarfélags verði nefnd sem fjalli sérstaklega um hagsmuni dreifbýlisins. Fulltrúar í nefndina verði kosnir beinni kosningu af íbúum í núverandi Helgafellssveit. Vinnuheiti nefndarinnar er *Sveitaráð*. Á þann hátt verði komið til móts við áhyggjur íbúa í dreifbýli af því að missa áhrif á ákvarðanatöku. Jafnframt leggur samstarfsnefndin til að ný sveitarstjórn leiti leiða til að breytingar á skattheimtu verði ekki mjög íþyngjandi.

Það er álit nefndarinnar að íbúar sveitarfélaganna skuli fá tækifæri til að kjósa um sameiningu sveitarfélaganna í eitt. Það er jafnframt álit nefndarinnar að sameiningin muni hafa fleiri kosti í för með sér en galla og henni fylgi mörg tækifæri sem annars stæðu sveitarfélögunum ekki til boða.

Lagt er til að atkvæðagreiðsla fari fram **26. mars 2022** í báðum sveitarfélögunum. Samstarfsnefnd bendir sveitarstjórnnum á að undirbúa þarf kjörstjórnir sveitarfélaganna fyrir atkvæðagreiðslu og að embætti sýslumannsins á Vesturlandi verði upplýst um fyrirhugaða atkvæðagreiðslu. Mikilvægt er að hafa í huga að ný lög um kosningar nr. 112/2021 tóku gildi í upphafi árs en atkvæðagreiðsla um

sameiningu sveitarfélaganna tveggja fara fram skv. **eldri lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.**

Álitið var samþykkt samhljóða og formanni falið að senda sveitarstjórnnum til tveggja umræðna.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 10:15.